

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2020  
UST202002-362/B.S.  
10.05.03

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - breikkun Vesturlandsvegar. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða breytingu á núverandi Vesturlandsvegi úr tveimur akreinum í 2+1 veg og gerð þriggja hringtorga á 9 km löngum kafla milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegar.

Framkvæmdin er að mestu innan veghelgunarsvæðis núverandi vegar. Þess utan liggur vegurinn um landbúnaðarland sem hefur viðast verið raskað með ræktun og framræslu.


Framkvæmdin mun hvorki raska votlendi né spilla sjaldgæfum plöntutegundum.

Helst er talið að framkvæmdin gæti haft neikvæð áhrif á menningarminjar sem talsvert er af við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Gögn eru góð og eins ítarleg og ástæða er til.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefansson  
sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur